

## **Aðalfundur HRFÍ haldinn 26. maí 2010 kl.20:00 á Grand Hótel, Reykjavík.**

Félagsmenn sem sóttu fundinn voru 271.

Jóna Th. Viðarsdóttir formaður HRFÍ bauð fundarmenn velkomna og sérstaklega heiðursfélagann, Sigríði Pétursdóttur. Hún setti aðalfund og tilkynnti að Þorsteinn Þorbergsson yrði fundarstóri og Sigríður Bílddal, fundarritari.

### **Dagskrá:**

#### **1. Lögmæti fundarins kannað.**

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Aðalfundarboð var birt í Sámi, sem fór í dreifingu í byrjun maí og á vefsíðu HRFÍ. Fundurinn telst því lögmætur.

#### **2. Skýrsla stjórnar HRFÍ.**

Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, varaformaður flutti útdrátt úr skýrslu stjórnar. Skýrslan verður birt, í heild sinni, á vefsíðu félagsins og í Sámi. Stjórn fundaði 18 sinnum á starfsárinu og haldnir voru þrjú fulltrúaráðsfundir. Helga Andrésdóttir hefur sagt starfi sínu lausu eftir 13 ára starf. Guðríður þakkaði Helgu fyrir störf hennar. Bára Traustadóttir hefur verið ráðin í hennar stað. Tvær augnskoðanir voru á árinu og augnskoðað var bæði í Reykjavík og á Akureyri. Auður Sif tók við ritstjórn Sáms í byrjun árs 2009. Mikil aðsókn hefur verið í hundaskólann á starfsárinu. Skapgerðarmat var haldið tvisvar og brons- hlýðniþróf voru haldin á starfsárinu ásamt sporleitarþrófum I og II. Veðiþróf fyrir standandi fuglahunda voru 13 og retriever veðiþróf níu. Smalaeðlisþróf var haldið einu sinni.

Þrjár sýningar voru á starfsárinu. Metskráning var á sumarsýningu í júní 2009. Afmælisýning í ágúst 2009, vegna 40 ára afmælis félagsins, var stærsti viðburður til þessa hjá félaginu. Í tengslum við afmæli félagsins var Laugarvegsgangan.

Unglingalið HRFÍ keppti á Norðurlandamóti ungra sýnenda. Stigahæsti ungi sýnandinn keppti á Crufts í mars. Annar stigahæsti ungi sýnandinn keppir í Herning í sumar og sá sem var í þriðja sæti keppir á Evrópusýningunni í Slóveníu í september.

Siðanefnd hefur samþykkt nýjar málsmeðferðarreglur sem birtast á svæði siðanefndar á vefsíðu HRFÍ. Úrskurðir verða birtir í Sámi.

Átta nýir vinnuhundadómarar í brons hlýðni, hlýðni I og II og smalaeðlisþrófi voru útskrifaðir á starfsárinu. Einn retriever dómari hefur verið samþykktur og sex nýir hringstjórar.

NKU fundir eru haldnir tvisvar á ári og á fimm ára fresti á Íslandi. Efni fundanna hefur verið kynnt á fulltrúaráðsfundum. Helga Finnsdóttir fundaði með norrænni vísindanefnd á Íslandi og gerði grein fyrir efni fundarins á fulltrúaráðsfundi.

Ný ræktunarmarkmið hafa verið samþykkt fyrir íslenska fjárhundinn. Stjórn og vísindanefnd hafa samþykkt stofnun þriggja deilda og verða tillögur um það lagðar fyrir þennan aðalfund.

Ræktunarnámskeið fyrir byrjendur og framhaldsnámskeið voru haldin á árinu. Einnig var ritarnámskeið og hundafiminámskeið.

Á döfinni er sumarsýning og verður augnskoðun í tengslum við hana. Deildasýningar verða hjá retrieverdeild og deild íslenska fjárhundsins. Alþjóðlegar sýningar verða í ágúst og nóvember. Ræktunarnámskeið verður haldið 11.-12. september. Danska hundaræktunarfélagið er að fara af stað með nýtt dómarnám fyrir 17-35 ára. Sams konar námskeið verður haldið hér í júní 2011.

Gerður hefur verið samningur við OFA í Bandaríkjunum um aflestur á mjaðma- og olnbogamyndum og áfram verður samstarf við Noreg.

Starfsemi HRFÍ hefur verið að aukast á undanförunum árum og er það félagmönnum að þakka. Ánægjulegt hve margir sjálfboðaliðar koma til starfa á ýmsum vettvangi. Mikilvægt að þeir sem vinna trúnaðarstörf kynni sér lög og reglur og vinni skv. þeim. Stjórn þakkar öllum félagsmönnum sem unnið hafa óeigingjarnt starf í þágu hundamenningar á Íslandi.

Fundarstjóri benti á að skýrslan, í heild sinni, verður birt á vefsíðu félagsins og hvetur fólk til að kynna sér hana.

### **3. Ársreikningar félagsins ásamt skýrslum löggilts endurskoðanda og félagskjörinna skoðunarmanna fyrir síðastliðið ár**

Friðrik Lunddal Gestsson, gjaldkeri las reikninga félagsins. Ársreikningar lágu frammi við upphaf fundar.

Fyrirspurnir úr sal voru: Hvort að reikningarnir hafi verið undirritaðir af löggiltum endurskoðendum, hvað fælist í hlutabréfaeign félagsins, hvort ekki væri eðlilegt að reikningar hlutafélagsins lægu fyrir fundinum, hversu miklar heildarskuldir félagsins væru og hver væri ferðakostnaður félagsins?

Fundarstjóri, sem jafnframt er endurskoðandi, las upp álit löggiltra endurskoðanda ásamt reikningum hlutafélagsins og taldi rétt að reikningar hlutafélagsins verði birtir um leið og aðrir reikningar að loknum aðalfundi. Jóna Th. Viðarsdóttir svaraði öðrum fyrirspurnum.

Fundarstjóri bar reikningana undir atkvæði. Reikningar samþykktir með meirihluta atkvæða. Fjórir á móti.

### **4. Skýrsla um starfsemi síðanefndar**

Kristín Sveinbjörnsdóttir flutti skýrslu síðanefndar. Tíu fundir hafa verið haldnir á starfsárinu. Nýjar málsmeðferðarreglur eru tilbúnar og hafa verið birtar á vefsíðu félagsins og í Sámi. Sex mál voru til úrlausnar og er þeim öllum lokið. Á árinu 2010 hafa borist 27 mál til úrlausnar og varða flest meint brot á ræktunarreglum félagsins. Málum sem borin hafa verið fyrir nefndina hefur fjölgað talsvert.

Samkvæmt lögum félagsins ber að birta úrskurði í tímaritinu Sámi. Undanfarin ár hefur það ekki verið gert. Nú hefur nefndin ákveðið að birta úrskurði á vefsíðu félagsins. Umræða hefur verið um hvort eigi að nafngreina aðila þegar úrskurður er birtur. Ekkert er fjallað um það í lögum félagsins. Meirihluti nefndarinnar er sammála nafnbirtingu.

### **5. Starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar**

Friðrik Lunddal Gestsson, gjaldkeri flutti fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 en hún lá frammi á fundinum.

Ein fyrirspurn kom fram um starfs- og fjárhagsáætlun. Spurt var um útgáfukostnað í áætluninni sem er miklu lægri en rauntölur 2008.

Jóna Th. Viðarsdóttir svaraði og sagði að félagið hefði náð hagstæðari prentunarsamningi, fengið hagstæðari prófarkalestur og verið með hagstæðari auglýsingasölu en áður.

Fundarstjóri bar rekstraráætlunina undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

## 6. Lagabreytingar

Fundarstjóri las upp reglur sem gilda um lagabreytingar. Hann benti á að lagabreytingar þurfi að liggja fyrir a.m.k. viku fyrir aðalfund og tveir þriðju hlutar félagsmanna þurfa að samþykkja lagabreytinguna til þess að hún taki gildi

Fundarstjóri las upp tillögu að breytingu frá stjórn HRFÍ við 19. grein laga HRFÍ. Hann sagði að undanfarið hefði verið misræmi í lögum félagsins og lögum um ræktunardeildir.

19. gr. Meðlimir ræktunardeilda geta þeir einir orðið sem eru fullgildir félagsmenn í HRFÍ. Kosningarrétt og kjörgengi á ársfundum ræktunardeilda hafa þeir sem eru skuldlausir við félagið 1. mars ár hvert.

### *Tillaga að breytingu:*

Meðlimir ræktunardeilda geta þeir einir orðið sem eru fullgildir félagsmenn í HRFÍ. Kosningarétt og kjörgengi á ársfundum deilda hafa þeir, sem eru skráðir eigendur hunda eða hafa verið skráðir eigendur hunda í viðkomandi deild í tvö ár og skuldlausir við félagið það ár sem ársfundur er haldinn. Hjón hafa kosningarétt og kjörgengi hvort heldur þau greiða félagsgjald sem hjón eða í sitt hvoru lagi sé annað þeirra skráð fyrir hundi í deildinni.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri las tillögu um breytingu á 27. grein laga HRFÍ sem er í kaflanum um siðanefnd og agareglur. Breytingartillagan er frá stjórn HRFÍ. Breytingin felur í sér að úrskurðir siðanefndar verði, auk þess að birtast í Sámi, einnig birtir á vefsíðu HRFÍ. Breytingin er rauðletruð.

27. gr. Siðanefnd kemur saman ef fyrir liggur skrifleg, rökstudd kæra frá félagsmanni eða stofnun innan HRFÍ. Aðilar málsins mega tjá sjónarmið sín fyrir nefndinni og skal hún leita sátta en úrskurða ella. Mál skulu tekin fyrir og afgreidd svo fljótt sem unnt er. Siðanefnd getur úrskurðað í málum til bráðabirgða samkvæmt kröfu málsaðila ef ríkar ástæður eru til þess að mati nefndarinnar. Bráðabirgðaúrskurðir siðanefndar gilda í tiltekin tíma og er hámarks lengd slíkra úrskurða 3 mánuðir. Siðanefnd getur í einstökum málum fjölgað í nefndinni með því að kalla inn í hana löglærðan fulltrúa utan félagsins. Á fundum siðanefndar ræður afl atkvæða um úrskurði nefndarinnar. Úrskurðurinn skal vera rökstuddur og skal ávallt birtur málsaðilum innan viku frá því að úrskurður er kveðinn upp. Úrskurður siðanefndar er endanlegur. Úrskurðir skulu birtir í Sámi **og á vefsíðu HRFÍ**. Siðanefnd getur endurskoðað ákvarðanir sínar ef ríkar ástæður eru til.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

## 7. Kosning formanns HRFÍ og annarra stjórnarmanna

Ekki var kosið um formann að þessu sinni en úr stjórn ganga Friðrik Lunddal, Guðríður Þ. Valgeirsdóttir og Valgerður Júlíusdóttir.

### *Í framboði í aðalstjórn til tveggja ára eru:*

Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, Stefanía Sigurðarsdóttir, Unnar Már Magnússon og Valgerður Júlíusdóttir.

Í framboði til varastjórnar næstu tvö ár er Súsanna Antonsdóttir.

Frambjóðendum hefur boðist tækifæri að kynna sig á vefsíðu HRFÍ. Fundarstjóri óskaði eftir að frambjóðendur stæðu upp þannig að fundarmenn fengju tækifæri til að sjá þá.

Unnar óskaði eftir að fá að kynna sig fyrir fundarmönnum á fundinum. Fundarstjóri bauð þá öðrum frambjóðendum að kynna sig til að gæta réttlætis. Unnar sagði að sér þætti eðlilegt að kynna sig á aðalfundi þar sem ekki væri hægt að kjósa rafrænt. Hann kynnti sín stefnumál sem eru að færa valdið meira til deilda og fulltrúaráðsfunda, bæta samskipti stjórnar og félagsmanna og breyta gjaldskrá félagsins.

Stefanía sagðist vilja vinna að mörgum þörfum verkefnum í félaginu og gera deildir sjálfstæðari.

Guðríður sagði að hún hefði setið í stjórn félagsins og að hún stæði fyrir það sem þar hefur verið unnið undanfarið ár.

Valgerður tók undir orð Guðríðar.

Niðurstöður kosninga voru eftirfarandi:

Guðríður 175 atkvæði

Stefanía 107 atkvæði

Unnar 104

Valgerður 152 atkvæði.

Guðríður og Valgerður eru því kjörnar í stjórn HRFÍ til næstu tveggja ára. Súsanna Antonsdóttir var ein í framboði til varastjórnar og var því sjálfkjörin.

## **8. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara.**

Aðalmenn: Þorsteinn Þorbergsson og Kristín Sveinbjarnardóttir

Varamenn: Gunnar B. Gunnarsson og Margrét Dögg Halldórsdóttir.

Fundarstjóri spurði hvort að einhverjir gæfu kost á sér í þessi störf. Enginn gaf kost á sér fram og hljóta skoðunarmenn og varamenn því endurkjör.

## **9. Kosning siðanefndar**

Siðanefnd skal kosin á aðalfundi HRFÍ ár hvert. Í nefndinni sitja þrjú fulltrúar félagsmanna HRFÍ. Jafnframt skal kjósa tvo varafulltrúa. Nefndarmenn og varamenn þeirra geta ekki verið stjórnarmenn í aðalstjórn HRFÍ. Siðanefnd velur sér formann.

Núverandi stjórn siðanefndar hefur gefið kost á sér í endurskjöri: Herdís Hallmarsdóttir, Kristín Sveinbjarnardóttir og Hilmar Sigurgíslason gefa öll kost á sér til áframhaldandi setu í siðanefnd sem aðalmenn. Guðrún Sigríður Sigurðardóttir og Guðmundur Helgi Gunnarsson gefa kost á sér til áframhaldandi setu í siðanefnd sem varamenn.

Fundarstjóri spyr hvort að fleiri vilji gefa kost á sér í siðanefnd. Þar sem ekkert framboð barst er nefndin sjálfkjörin.

## **10. Önnur mál.**

Fundarstjóri fór yfir þau erindi sem lágu fyrir fundinum. Erindi um þess háttar mál skulu vera skrifleg og hafa borist stjórn HRFÍ fimm dögum fyrir aðalfund og skulu tillögur um önnur mál liggja frammi á skrifstofu félagsins. Ef tillaga er lögð fram á

aðalfundi um mál sem ekki er að finna undir önnur mál samkvæmt þessum tölulið, getur fundurinn ákveðið að taka hana til umfjöllunar en ekki til ákvörðunar.

**a. Erindi frá Svæðafélagi Norðurlands varðandi skipulag augnskoðana**

Sigurlaug Hauksdóttir frá Svæðafélagi Norðurlands las upp eftirfarandi tillögu dagsett 14. apríl 2010.

Aðalfundur Svæðafélags HRFÍ á Norðurlandi vill byrja á því að lýsa yfir sérstakri ánægju með að augnskoðun hafi fengist norður s.l. tvö ár. Svæðafélagið, fyrir hönd ræktanda á Norðurlandi, fer þess þó á leit við stjórn HRFÍ að augnskoðanir verði skipulagðar með áþekkingu hætti og sýningar sé þess einhver kostur. Þ.e.a.s. að tímasetningar augnskoðanna verði í fastari skorðum, einnig hvað varðar augnskoðanir norðan heiða.

Til vara vill Svæðafélagið benda á að ef skipulag augnskoðana riðlast þannig að meira en 12 mánuðir líða frá seinustu augnskoðun á sama árstíma, að þá verði veitt lenging á gildi fyrri augnskoðunar til þeirrar næstu, svo þetta grúa svæði sem skapast verði ekki til þess að riðla eða jafnvel gera út um ræktunarplön ræktenda.

Spurt var hve margar augnskoðanir væru fyrir norðan á hverju ári. Jóna svaraði að til þessa hafi verið ein á ári.

**b. Tillaga frá siðanend HRFÍ.**

Kristín Sveinbjarnardóttir fylgdi tillögunni úr hlaði. Hún sagði að siðanefnd hefði ekki tekið endanlega ákvörðun um hvort birta eigi nöfn með úrskurði eða ekki. Hún vill fá fram álit félagsmanna. Kristín las síðan upp tillögu nefndarinnar sem fer hér á eftir.

Tillaga lögð fyrir aðalfund HRFÍ 26. maí 2010

Siðanefnd HRFÍ leggur til að við birtingu úrskurða nefndarinnar í félagsblaðinu SÁMI og á vefsvæði félagsins skuli úrskurðir birtir með nöfnum allra málsaðila.

Verði tillagan samþykkt þá mun siðanefnd birta nöfn allra aðila en verði tillagan felld verða úrskurðir nafnahreinsaðir áður en þeir eru birtir.

**Umræður:**

Brynja Tomer sagði að nafnbirting ætti að vera háð alvarleika brotsins. Hún mun ekki greiða atkvæði með nafnbirtingu.

Björn taldi að áminningin hefði ekki eins mikið vægi ef að nafn væri ekki birt. Hann er fylgjandi nafnbirtingu.

Fyrirspurn kom fram hvort að kannað hafi verið lögmati nafnbirtinga hjá persónuvernd.

Kristín nefndi að siðanefnd kæmi til með að ræða vilja félagsmanna og að kannað yrði hvort þetta sé löglegt.

Lilja Dóra spurði hvort að það hefði verið kannað hvernig þessum málum er háttað á hinum Norðurlöndunum.

Fundarstjóri svaraði því til að frá aganefndum í Svíþjóð og Danmörku bærust tilkynningar með nöfnum þeirra sem málið varðar.

Hann óskaði eftir að sjá hver vilji félagsmanna væri með handauppréttingum. Fleiri voru sammála en á móti.

**c. Tillaga um stofnun deilda:**

Fyrir fundinum lágu þrjár tillögur um stofnun deilda: Sérdeild fyrir Amerískan Cocker Spaniel, sérdeild fyrir Sankti Bernhardshunda og sérdeild fyrir Yorkshire terrier hunda.

Fundarstjóri las upp tillögu að stofnun sérdeildar fyrir amerískan cocker spaniel. Tillagan er studd af stjórn HRFÍ og Vísindanefnd HRFÍ.

Tillagan borin upp og samþykkt með einu móttakvæði.

Fundarstjóri las upp tillögu að stofnun sérdeildar fyrir Sankti Bernharðshunda. Tillagan er studd af stjórn HRFÍ og Vísindanefnd HRFÍ.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri las upp tillögu að stofnun sérdeildar fyrir Yorkshire terrier hunda. Tillagan er studd af stjórn HRFÍ og Vísindanefnd HRFÍ.

Tillagan samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta, 18 á móti.

**d. Tillögur um rafræna utankjörfundaratkvæðagreiðslu í stjórnarkjöri**

Valgerður sagði að atkvæðagreiðsla til stjórnar ætti að fara fram á aðalfundi skv. 3. gr. laga HRFÍ. Stjórn HRFÍ hefur rætt málið og er sammála um að fara ekki út í rafræna kosningu að sinni.

Tillaga frá Guðríði Magnúsdóttur, dagsett 13. maí 2010 hljóðar svo:

Að tekin verði upp utankjörfundaratkvæðagreiðsla fyrir félagsmenn fyrir næsta aðalfund 2011 og reglum félagsins verði þá breytt í samræmi við það fyrir næsta aðalfund.

Erindi frá Svæðafélagi Norðurlands varðandi breytingar á lögum HRFÍ við kosningar í stjórn HRFÍ sem gæfi félagsmönnum úti á landi tækifæri á að kjósa án þess að vera á staðnum.

**Umræður:**

Björn Ólafsson sagði að kostnaður við rafræna kosningu sem færi fram fyrir aðalfund væri kr. 250.000. Niðurstöður yrðu að liggja fyrir á aðalfundi. Ef kjósa á rafrænt á staðnum þá er kostnaður meiri.

Jóninna Hjartardóttir sagðist vera ósátt við að stjórn HRFÍ væri ekki löngu búin að gera eitthvað í kosningamálum þannig að hægt væri að greiða atkvæði fjarri aðalfundi. Hún lagði til að aðalfundur yrði haldinn á Akureyri næst. Hún skoraði á stjórn að taka upp sýningu á Akureyri aftur.

Fundarstjóri varpaði fram hugmynd um kosningarnar sem leysir málið án laga-breytingar. Í 7. gr. laga HRFÍ þá er kveðið á um að stjórn HRFÍ ákveði staðsetningu. Eitt af því sem tæknin leyfir okkur að gera er að nýta fjarfundabúnað fyrir fundi. Hann lagði til að fundurinn yrði haldinn á nokkrum stöðum næst og ábyrgðarmaður yrði á hverjum stað. Hann benti á að Svæðafélag Norðurlands væri til staðar og ef stofnuð

yrðu fleiri svæðafélög þá væri þetta möguleiki. Hann vildi sjá vilja félagsmanna og þeir tóku undir með lófaklappi.

Fundarstjóri bar tillögu Guðríðar Magnúsdóttur undir atkvæði

Tillagan var felld.

Jóna sagði að fram hefði komið hugmynd um að halda aðalfund á tveimur stöðum á næsta ári og stofnuð verði svæðafélög á fleiri stöðum.

#### e. Ýmis mál

Sigurbjörg Traustadóttir ræddi um ættbókarskráningar. Hún vildi að HRFÍ greiddi sekt ef ættbækur eru ekki afhentar á tilsettum tíma t.d. fjórum vikum frá afhengingu pappíra.

Jóna bað Sigurbjörgu afsökunar á hve langan tíma það hefði tekið hjá henni að fá ættbækur..

Jóninna tók undir málflutning Sigurbjargar varðandi ættbækur og sagði að breyta þyrfti vinnubrögðum á skrifstofu félagsins. Jóninna beindi orðum sínum til stjórnar HRFÍ og sagði að undanfarið hefði hinum almenna félagsmanni ekki verið nógu vel tekið á skrifstofu HRFÍ. Hún lagði til að allir starfsmenn færu á samskiptanámskeið. Hún sagði að það þyrfti að lagfæra þetta viðmót og að félagsmenn fengju þá aðstoð sem þyrfti.

Sigurlaug H. beindi spurningu til fundarstjóra hvort ekki þyrfti að bera upp tillögu frá Svæðafélagi Norðurlands um kosningu til stjórnar. Hún sagðist myndu vinna að því að heilum hug að hægt yrði að halda aðalfund fyrir norðan á næsta ári.

Fundarstjóri svaraði að ekki þyrfti að bera upp tillöguna þar sem hún væri þess eðlis að henni yrði vísað til stjórnar.

Ásta María spurði hvort HRFÍ ætlaði að stofna stóran gagnagrunn eins og systurfélög á Norðurlöndum hafa komið upp.

Fundarstjóri sagði að verið væri að breyta gagnagrunni félagsins. Það er áætlað að þetta komist í gagnið á næsta ári. Stjórn mun ákvarða hvernig aðgangi að gögnunum verður háttað. Í nýja kerfinu er m.a. gert ráð fyrir að hver hundaeigandi geti gefið öðrum aðgang að upplýsingum um sína hunda.

Sigríður Oddný spyr um aldurstakmark þeirra sem sitja fundinn.

Fundarstjóri svarar að til sé full aðild og síðan aukaaðild sem gildir um börn og ungmenni. Aukaaðild gefur ekki kosningarétt.

Jóna Th. Sagðist vilja þakka samstarfsmönnum í stjórn, starfsfólki á skrifstofu, ræktunarstjórnunum og nefndarmönnum fyrir gott samstarf. Við höfum áorkað miklu en eigum mörgu ólokið. Hún vill að sem flestir komi að starfsemi félagsing og að við höfum heildarhagsmuni þess að leiðarljósi, annars verðum við ekki sterk heild. Hún

þakkar Þorsteini fyrir góða fundarstjórn, Sigríði fyrir fundarritun og félagmsönnnum sem afhentu kjörgögn í upphafi fundar.

Fundi slitið kl. 23:15.

Sigríður Bílddal  
fundarritari